



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna könnunar um framtíð Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvað þessi könnun um framtíð Reykjavíkurborgar kostaði borgarsjóð? Könnunin er sögð hluti af sviðsmyndagreiningu Reykjavíkurborgar og Deloitte um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 með tilliti til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta. Þessi könnun er illa tímasett að mati Fulltrúa Flokks fólksins þar sem nú er aðeins eitt ár eftir að kjörtímabilinu. Ekki er vitað hvaða flokkar/hverjir munu halda um stjórnvölinn næstu ár og áherslur næsta meirihluta alls endis óþekktar. Ýmist gæti því þróun á innviðum og tækifærum borgarinnar staðið í stað, þokast lítillega fram á við eða tekið stórt skref í framþróun. Vöxtur og þróun borgarinnar vinnst ekki nema í samráði við fólkið í borginni enda þótt kjörinn meirihluti leiði vinnuna. Ef sífelldar deilur og uppákomur einkenna borgarbraginn tefur slíkt fyrir jákvæðri framtíðarþróun.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 25.05.sl.

Svar:

Beinn kostnaður borgarsjóðs vegna könnunar um framtíð Reykjavíkurborgar er 53.988 kr.

Þar til viðbótar var vinna starfsmanna atvinnuþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Deloitte við framkvæmd könnunarinnar sem er hluti af gerð sviðsmynda fyrir borgina og tengist samfélagsvidd Græna plansins.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari